

Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um ellilífeyri.

Frá Viðari Eggertssyni.

1. Hversu margir á aldrinum 65–66 ára fengu ellilífeyri frá TR árið 2022? Svar óskast sundurliðað eftir kyni.
2. Hversu margir 67 ára og eldri fengu ellilífeyri frá TR árið 2022? Svar óskast sundurliðað eftir aldri og kyni.
3. Hversu margir 67 ára og eldri fengu óskertan ellilífeyri frá TR árið 2022? Svar óskast sundurliðað eftir aldri og kyni.
4. Hversu margir 67 ára og eldri fengu engan ellilífeyri frá TR árið 2022? Svar óskast sundurliðað eftir aldri og kyni.
5. Hversu margir á vinnumarkaði fengu jafnframt ellilífeyri frá TR árið 2022? Svar óskast sundurliðað eftir aldri og kyni.
6. Hefur þeim fjölgað sem hafa atvinnutekjur og fá jafnframt greiddan ellilífeyri frá TR eftir að frítekjumark atvinnutekna hækkaði árið 2022? Svar óskast sundurliðað eftir aldri og kyni.

Skriflegt svar óskast.